

Snjöll Pottastýring Leiðbeiningar fyrir uppsetningu.

Undirbúningur fyrir uppsetningu


- Byrja skal á að tengja Shelly Walldisplay við 230 V L og N og herða mátulega.

Athugið að Walldisplayið má staðsetja hvar sem er í húsinu svo framarlega sem það nái WiFi tengingu þarf ekki að vera hluti af pottastýringunni.

Gera skal öll tæki sem á að nota í stýringuna klár eftir því sem við á sjá punkta hér að neðan:


- Næst skal setja Shelly Addon á 1 stk Shelly 2PM og tengja við það 2 hitanema sem eru svo færðir á sinn stað þegar uppsetningarferli er lokið, tengja skal Shelly 2PM við straum. Útganga á þessu relay skal nota fyrir Flæðimótor O1 og O2 fyrir botnloka sértu með botnloka sem stýrist af Fasa (eða ef þú ert með núllstýrðan botnloka skal víxla L og N inná botnlokann og nota Fasa til að stjórna botnlokannum í gegnum O2 á relay.,
- Ef þú ert með stýringu með sjálfvirkri rafstýrðri blöndun skal einnig tengja Shelly 0-10V einingu
- Ef þú ert með botnloka sem stýrist af fasa í sitthvora áttina þarftu annan Shelly 2PM sem einnig skal þá einnig tengja við straum.





1. Hér sést upphafsskjárin sem kemur upp þegar straumur er tengdur á Shelly Walldisplay skjáinn, þarna skal valið það sem við á hverju sinni. (Bara efsta hak ef hefðbundin pottastýring með blöndunarloka, efsta og næst efsta ef pottastýring með 0-10V Belimo loka og Hakað í Kaldur Pottur ef það er einnig kaldur pottur.






2. Hér skal velja þau Shelly relay sem á að nota í stýringuna.

- Í flestum tilfellum er nóg að velja Shelly 2PM ef þú ert með hefðbundna pottastýringu með blöndunarloka, O1 er þá fyrir Flæðimótor og O2 fyrir botnloka. Ef þú ert með Núllstýrðan botnloka gæti þurft að víxla L og N inná botnlokann þar sem Shelly 2PM gefur bara út fasa (L).
- Ef þú ert með botnloka sem stýrist af fasa í sitthvora áttina þá þarftu 2 stk Shelly 2PM.


3. Ef þú ert með stýringu með rafstýrðum Belimo blöndunarloka þá þarf að velja Shelly 0110dim fyrir það.



4. Næsta skref á einungis við ef þú ert með stýringu með Sjálfvirkri blöndun fyrir stillanlegt hitastig (með Belimo blöndunarloka). Ef það á við skal velja Blöndunarloki í þeim glugga sem stendur Shelly 0110dim eins og hér að neðan.




5. Næst í glugga eins og hér að neðan þar sem stendur Shelly 2PM skal velja Rás 0 Flæði heitt.



6. Hér skal velja Rás 1 Botnloki. (Athugið að botnlokinn verður að stýrast af fasa til að þetta gangi með þessu relay þar sem Shelly 2PM gefur bara út fasa ef þú ert með 2ja átta fasa stýrðan botnloka skal það valið í sér glugga sjá skref 7 og þá myndirðu ekki velja neitt hér á rás 1.





7. Ef þú ert með botnloka sem stýrist af fasa á snertu í sitthvora áttina þarftu sér Shelly 2PM í það og þá á þetta skref við. (Athugið að myndin hér að ofan er ekki alveg rétt miðað við þetta skref.)


- Hakið í Botnloki með mótör efsta hak.
- Veljið kvarða



8. Scrolla skal niður og velja þá hitanema sem eiga við í stýringunni (yfirleitt er sá sem sýnir hæsta hitastigið flæðisneminn.

Veljið Skynjara 100 – Flæðishiti.


(Athugið að mögulegt er að tengja allt að 5 hitanema við Shelly Addon á sömu 3 vírana og því er t.d hægt að setja auka hitanema fyrir útihitastig og bæta undir önnur tæki síðar á stýringunni)



9. Veljið skynjara 101 – Pottahiti (ætti að vera sá næst hæsti í ° og ef þú hefur bætt við skynjara fyrir útihitastig þá ætti hann að sýna lægstu töluna)



10. Hér kemur þá yfirlitsmynd yfir uppsetninguna og þar skal velja Vista og Ljúka.



11. Hér ertu þá kominn á Skjáinn sem sýnir stýringuna fulluppsetta, athugið að þessi mynd er miðað við stýringu með sjálfvirkum blöndunarloka.
- + og – Við Óskahita er umbeðið hitastig í pottinn.
- Hægt er að smella á QR kóðann neðst á skjánum og skanna með myndavél síma/Ipad og þá ertu kominn með vefviðmót fyrir stýringuna. Sniðugt er að velja Add to Homescreen til að hafa það alltaf aðgengilegt.




12. Svona lítur skjárinn út ef þú ert með stýringu sem er með hefðbundnum blöndunarloka.



Stillingar

1. Hér sérðu stillinga valmyndina sem birtist þegar ýtt er á skrunhjólið í hægra neðra horni.



2. Hér sérðu möguleikana sem birtast undir Hitastilling valmyndinni:



- **Þolvik** – Stýrir því hversu mikið hitinn í pottinum má falla áður en vatn fer að streyma til að vinna upp tapið.
- **Yfirhitavar** – Kemur í veg fyrir að of heitt vatn renni í pottinn, lokar fyrir flæðis móturloka ef Yfirhiti næst.




3. Áframhald – Hitastilling.



- **Hámarkstími flæðis í einu** – Stillir hversu lengi Vatn má lengst renna í pottinn (öryggisventill gagnvart því að það renni of lengi)
- **Áætlaður fyllingartími** – Hér skal stilla þann tíma sem það tekur að fylla pottinn.
- **Botnloki Seinkun** – Gott getur verið að stilla seinkun á opnun á botnloka þannig ekki byrji að streyma kalt vatn sem er í rörum í pottinn og einnig til að minnka líkur á frosti í lögnum/botnloka.
- **Lagnatap (blöndun)** Þetta er gildi sem nota má til að fínstilla blöndun ef þú ert með stýringu með sjálfvirkri blöndun þar sem aðstæður eru breytilegar milli staða, default gildi er 0.5°. Þetta gildi skal notað til að leiðrétta umbeðið hitastig ef að Óskahitinn er ekki alveg sá sem beðið var um.



4.



- Hér er hægt að stilla offset á hitanema í Potti og fyrir flæðishita ef grunur leikur á að hitanemarnir séu ekki að sýna rétt hitastig (athugið að þessi gildi hafa einnig áhrif á blöndun ef þú ert með stýringu með sjálfvirkum rafstýrðum blöndunarloka).



5. Ef þú vilt læsa stýringunni með PIN kóða og læsa vefappi þannig það virki bara á Heimaneti skal haka í Aðgangsstýring hakið.

- Til að setja pin númer skal velja Setja PIN
- Nafn á potti – þar er tilvalið að setja heiti á bústaðnum eða staðsetningu á pottinum.

← Umsjón

Aðgangsstýring
Eigandi notar pottinn sjálfur — engar takmarkanir

PIN fyrir stillingar Ekkert PIN — stillingar eru opnar

Setja PIN

Nafn á potti
Pottur Vista nafn

Lágmarkshiti 5.0 °C



6. Umsjón - Framhald

Eigandi notar pottinn sjálfur — engar takmarkanir

PIN fyrir stillingar Ekkert PIN – stillingar eru opnar

Setja PIN

Nafn á potti

Pottur

Vista nafn

Lágmarkshiti 5.0 °C

– +

Hámarkshiti 50.0 °C


– +

Bilið sem óskahita má stilla innan.

- **Lágmarkshiti / Hámarkshiti** – Ef þú er með stýringu með sjálfvirkum blöndunarloka og vilt læsa því hvaða óskahitastigi er hægt að óska eftir á Aðalskjánum er hægt að stilla það hér.



7.



- **Breyta heimaneti** - Hér er hægt að breyta um heimanet.
- **Prófa tengingu** – Hér getur þú prófað virkni nettengingar.
- **Endurnýja fjaraðgang** – Býr til nýtt Token fyrir vefapp tengingu ef þetta er valið þarf að setja appið upp að nýju í öll tæki.



8. Netkerfi – Staða nets

← Netkerfi

Staða

Tengt við	B28_IoT
Á að vera á	B28_IoT
Tíðnisvið	2.4 GHz
Styrkur	-80 dBm
IP skjás	192.168.10.176
Potturinn næst	Já
Sambandsrof (24 klst)	0

Aðgerðir

Tengjast heimanetinu aftur

Breyta heimaneti

Engin uppsetningarnet skráð

- Hér geturðu séð hvaða WiFi neti skjárin er tengdur við, hvaða ip-tölu hann er á og styrk merkis ásamt tíðnibandi WiFi.



9. Greining – Yfirlit kerfis

←

Yfirlit kerfis

SKJÁRINN

IP:

192.168.10.176

Wi-Fi net:

B28_IoT

Sendistyrkur:

-79 dBm

Hugbúnaður:

1.7.4

Auðkenni skjás:

561e19104864

Vefslóð á neti:

http://pottur.local:8080

Fjaraðgangur:

ht-561e19104864.snjallt.is

UPPSETNING

Vara:

Pottastýring með blöndun

Rekstrarform

Eigandi

Umsjón

Enginn þjónustuaðili

Nettenging:

Heimanet

Skráarútgáfa:

6

Lykilorð á tækjum:

Virkt


Botnloki:

Mótorloki (opna/loka)

- Þarna geturðu séð upplýsingar um hvaða hugbúnaðar útgáfa er á skjánum, upplýsingar um WiFi net, Fjaraðgang og allar upplýsingar um stýringuna þína og þau relay sem þú ert að nota.



10. Kerfi



- Undir þessari valmynd geturðu bætt við Shelly relayum sem birtast undir „Önnur tæki“ t.d til að geta séð þar útihitastig ef þú hefur sett auka hitanema fyrir það.
Byrja skal á því að setja nafn á Shelly tækinu sjálfu með því að fara inná ip-tölu þess í browser og setja Device name.
Velja skal Bæta við Shelly og Setja skal ip-tölu á því relay sem þú vilt bæta við, nafnið syncast þá samkvæmt Device name á tækinu.
- Einnig sérðu þarna þau relay sem búið er að bæta við undir „Önnur tæki“ og getur fjarlægt þau.



11. Kerfi – Framhald

Bæta við Shelly

SKJÁR

Snúningur skjás · Sjálfgefið

Snúðu þar til myndin snýr rétt. Stillingin geymist — líka eftir endurstillingu.

Snúa 90°

UPPFÆRSLUR

Leita að uppfærslum

Uppfæra handvirkrt með kóða

ENDURRÆSA

- **Snúningur skjás** – Hér er hægt að breyta snúning skjás ef sjálfgefið snið hentar ekki.

UPPFÆRSLUR

Leita að uppfærslum

Uppfæra handvirkrt með kóða

ENDURRÆSA

Endurræsa skjá


Endurræsa öll tæki

PRÓFÍLL

Blöndunarprófilar krefjast sérútgáfu. Sláðu fyrst inn kóða (reiturinn opnast undir Uppfærslur) og settu útgáfuna upp — breyttu svo um prófíl.



- **Leita að uppfærslum** - Þarna er hægt að athuga með nýrri útgáfu af hugbúnaði.
- **Endurræsa skjá** – Endurræsir Shelly Walldisplay.
- **Endurræsa öll tæki** – Endurræsir skjáinn og öll relay í stýringunni.



- **Endurstilla tæki** – Þetta Setur stýringuna og öll relay í default stöðu, athugið að allar stillingar og allt þurrkast út af skjá og relayum.



Algengar spurningar

Af hverju kemur villa ? Óskahiti næst líklega ekki því flæðishiti er lægri en markmið – Blöndunarloki er þá stilltur á of lágt hitastig og því mun stýringin ekki ná umbeðnu hitastigi.

Af hverju virka hitanemarnir ekki eftir að ég færði nemann útí pott ?

Sé þetta tilfellið er líklegast að lögnin útí pott sé meira en 15-20M og þá þarf að setja 2.2 K ohm viðnám milli VCC og Data á Addon eða við hitanema.

Er hægt að hafa vefaðgang fyrir umsjónarmann.

Já við bjóðum uppá vefviðmót fyrir umsjónarmenn eða þá sem sinna viðhaldi og vilja geta veitt fjarþjónustu og aðstoðað við bilanagreiningar eða séð stöðu á pottum í þeirra umsjá, hafið samband við Snjallt.is fyrir frekari upplýsingar.




Tengimyndir


Hér er dæmi um tengimynd fyrir Uppsetningu þar sem Flæðiloka og Botnloka er stjórnað af sitthvorri snertunni á sömu Shelly einingunni.

Tenging — eitt Shelly 2PM Gen4 tæki

Inntak 230V



Hér er tengimynd sem á við þegar tæmingarloka er stjórnað af Shelly 1 Shelly einingu fyrir t.d núll stýrðan tæmingarloka. (Athugið oftast virkar að víxla L og N inná núllstýrða botnloka og þá er hægt að notast við O2 á Shelly2PM til að stýra botnlokanum)



Hér er tengimynd sem sýnir hvernig skal tengja Belimo sjálfvirka blöndunarlokann við Shelly 0-10V relay.

